

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um þá, sem fórust 83 frá Arnarfirði með v.s. Þormóði nóttina milli 17. og 18. febrúar 1943“, útgefin á 12. apríl venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. apríl 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um þá, sem fórust frá Arnarfirði með v.s. Þormóði
nóttina milli 17. og 18. febrúar 1943.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður um þá, sem fórust frá Arnarfirði með v.s. Þormóði nóttina milli 17. og 18. febrúar 1943.

2. gr.

Sjóðnum er ætlað að verða minningar-, gjafa- og áheitasjóður allra þeirra, sem heiðra vilja minningu þessara mætu manna og kvenna.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 13. febrúar 1944.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins 3000 — þrjú þúsund — krónur er þegar lagt fram.

5. gr.

Markmið sjóðsins er: Að vinna að byggingu skólahúss á Bildudal, þar sem starfræktur sé unglingaskóli, er taki við af barnaskóla.

6. gr.

Skóla þessum er ætlað að hafa ávallt á boðstólum það fullkomnasta og bezta æskulýðnum til handa.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: sóknarprestur Bildudalsprestakalls, meðstjórnandi, sem sóknarprestur velur, og einn fulltrúi frá stjórn kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands á Bildudal.

8. gr.

Stjórnin annast vöxt og viðgang sjóðsins.

9. gr.

Þegar stjórn sjóðsins telur hann nægilega öflugan til þess að taka til starfa við byggingu skólans, tekur hún til þeirra nota upphæð þá, sem er umfram 10000 — tíu þúsund — krónur.

10. gr.

Þessar 10000 — tíu þúsund — krónur má ekki skerða og skulu þær standa sem varasjóður skólastarfsins.

11. gr.

Engar breytingar má stjórnin gera á þessari skipulagsskrá nema hún sé einróma samþykkt.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.